



Umdeild efni

Mannfræðileg úttekt á vímuefnum

Hilmar Már Gunnarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umdeild efni

Mannfræðileg úttekt á vímuefnum

Hilmar Már Gunnarsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Hilmar Már Gunnarsson 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Vímuefni hafa fylgt mannkyninu í þúsundir ára. Í ritgerðinni er leitast til við að skoða stöðu vímuefnarannsókna innan mannfræðinnar og í hvaða átt þær stefna. Út frá því er rýnt í þætti sem skipta máli fyrir félagslega og menningarlega nálgun en einnig komið inn á nálgun raunvísindamanna sem og orðræðu samfélagsins. Ætlunin er að nálgast vímuefni sem hluta af neyslumeningu mannkynsins óháð siðferðislegum gildum. Sýnir ritgerðin þannig fram á að þrátt fyrir landlæga vímuefnafælni vesturlanda hafi aukin neysla þeirra á tuttugustu öldinni haft gríðarleg áhrif á aðra menningarheima sem eiga oft að baki langa menningarbundna neyslusögu á efnum sem hafa verið gerð ólögleg á seinustu áratugum. Mikilvægi félagslegrar formgerðar og menningarlegra gilda er þannig skoðað í samhengi með þeim vandamálum sem hafa í auknu mæli verið í forgrunni umræðunnar um vímuefni. Einnig er komið inn á formgerð valds og hvernig valdhafar hafa oft notað vímuefna neyslu minnihlutahópa sem afsökun til ofsókna og hefur slíkt jafnvel verið ráðandi í lagasetningum. Valdahafar hafa einnig sett mannfræðingum skorður þegar kemur að styrkveitingum til vímuefnarannsókna og þannig í raun mótað stefnu fræðigreinarinnar. Markmið ritgerðarinnar er ekki að vera tæmandi heldur frekar innlegg inn á svið sem hefur að mörgu leiti verið vanrækt af mannfræðingum þrátt fyrir mikilvægi þess fyrir menningu og félagslegt umhverfi samfélagsins.

Efnisyfirlit

	Útdráttur	2
1	Inngangur	4
2	Vímuefni í sögulegu samhengi	5
3	Mannfræði efnisinntöku	7
4	Mikilvægi athafnarinnar og hins félagslega	11
5	Menningarheimar.....	15
6	Grunnþörf	19
7	Orðræðan og staða vímuefna í nútíma samfélagi	21
8	Refsing, lækning og völd	25
9	Lokaorð.....	28
10	Heimildaskrá	30

1 Inngangur

Vímuefni hafa lengi vel verið tabú í samfélaginu og mætti segja að öll umræða sem ekki snýr að forvörnum hafi verið þögguð niður, jafnvel í tilfelli löglegra vímuefna eins og áfengis. Mannfræðin hefur ekki farið varhluta af þessari stefnu og hafa þeir sem unnið hafa að vímuefnarannsóknum ávallt starfað á jaðri fræðigreinarinnar. Blikur eru þó á lofti um breytta tíma og á seinustu árum hafa komið fram tillögur um að færa vímuefnarannsóknir nær miðju fagsins. Ætlunin hér er að sýna í hvaða farvegi þau mál eru nú innan fræðigreinarinnar en einnig koma inn á þá hluti sem skipta máli í rannsóknum með áherslu á menningarlega og félagslega þætti. Þannig verður farið stuttlega í sögulegar tengingar og síðan þá umræðu sem hefur verið upp á síðkastið innan fagsins. Þar hefur mikil endurskoðun átt sér stað og nýjar áherslur komið fram en einnig gagnrýni á fyrri nálgun. Út frá því er markmiðið að rýna nánar í hvernig félagslegt umhverfi getur skipt máli þegar kemur að neysluvenjum og að hvaða marki gildi samfélagsins spila inn í upplifun og hegðun neytandans. Menningarlegir þættir skipta einnig miklu máli í afstöðu fólks til vímuefna og gert verður grein fyrir áhrifum alþjóðlegra löggjafa á menningarheima sem eiga sér oft langa sögu í neyslu efna sem í dag eru talin ógn við samfélagið.

Einnig verður farið inn á pósitífiskari nálganir raunvísindamanna en þar er um að ræða sjónarhorn sem á oft lítið skylt við ráðandi orðræðu samfélagsins. Í kjölfarið er ætlunin að skoða stöðu efnanna í dag út frá umfjöllun í fjölmiðlum og málflutningi forvarnaraðila. Þar kemur fram sjónarhorn sem ólíkt raunvísindum byggir mikið á tilfinningum og siðferðislegum gildum. Nálgun forvarnaraðila getur sem dæmi oft orkað tvímælis þar sem staðalmyndir eru dregnar upp og virðist tilgangurinn oft frekar vera að hræða heldur en fræða. Út frá því verður svo fjallað um þær lausnir sem samfélagið hefur komið sér upp í baráttunni við aukna neyslu vímuefna. Þar kemur mikilvægi valds inn í samhengið og rýnt verður í beitingu þess og hvernig það er oft notað í pólitískum tilgangi. Það spilar einnig inn í umhverfi mannfræðirannsókna þar sem fræðimenn treysta á opinbera styrki sem oft eru aðeins gefnir undir sérstökum formerkjum sem hafa mótandi áhrif á sjónarhorn rannsókna. Að lokum skal taka fram að efni þessarar ritgerðar er ekki ætlað að vera á neinn hátt tæmandi heldur aðeins innlegg inn á svið sem hefur að mörgu leiti verið vanrækt af mannfræðingum þrátt fyrir mikilvægi þess fyrir menningu og félagslegt umhverfi samfélagsins.

2 Vímuefni í sögulegu samhengi

Þörf mannsins fyrir vímu er ekki ný af nálinni og má rekja til árdaga *Homo Sapiens*. Ásækni hans í hluti sem brjóta upp hið daglega líf og hafa áhrif til að rjúfa hið vanabundna er jafnvel talið eitt af grunneinkennum nútímamannsins (Sherratt, 2007, 33). Talið er að maðurinn hafi líkt og í tilfelli fæðuöflunar fylgst með dýrum og þannig gert sér grein fyrir áhrifum hina ýmsu plantna. Í raun má rekja nöfn margra plantna beint til áhrifa þeirra eins og *Catnip* eða kattarmynta, planta sem kettir sækja í vegna angans og áhrifana. (Siegel, 2005, 39). Ópíumekrurnar í suðurhluta Spánar og Grikklands sem og norðurhluta Afríku er taldar þær elstu í heimi. Ópíum kemur fyrst fram í skriflegum heimildum hjá Súmverjum og einnig má finna leiðbeiningar um hvernig best sé að vinna efnið úr valmúa hjá Egyptum (Escohotado, 1999, 6). Hampur hefur að sama skapi fylgt mannkyninu lengi, þannig má finna tilvísanir í kínversku læknisriti frá fyrstu öld eftir krist þar sem bent er á að óhófleg notkun á kannabisi láti menn sjá skrímsli en hófleg notkun til langs tíma létti lund og geti myndað samband við andaheiminn. Elstu leifar sem fundist hafa af hampi eru frá Kína og hafa verið dagsettar 4000 árum fyrir krist. Notkun þess á Indlandi er einnig ævafor og segir í fjórða Veda ritinu að plantan hafi sprottið upp úr jörðinni í kjölfar guðlegs vökva sem féll af himnum (Escohotado, 1999, 7). Fyrstu etnógrafísku gögnin um vímuefnaneyslu koma frá Heródotus (s. 446 f.Kr) og tengjast kannabisi. Þar lýsir hann jarðarfara tengdum ritúal Skýþi þjóðflokksins þar sem þeir hentu kannabisi á heita steina inn í tjaldi og ýlfroðu svo af gleði við inntökuna. Fornleifafundir benda einnig til að í Vestur-Evrópu hafi ýmisa jurta verið neytt á forsögulegum tíma og er helsti stuðningurinn við það bollar sem hafa ranglega verið flokkaðir sem reykelsisbollar enn við rannsóknir hafa fundist leifar af vímuefandi jurtum í þeim (Sherratt, 2007, 27). Helsta framlag Evrópu til vímuefnaflórunar er þó tvímælalaust ópíum og því rökrétt að álykta að það hafi verið meginuppistaðan í skynbreytingum þjóðflokka sem þar bjuggu.

Uppruna vinnneyslu nútímans má rekja til miðjarðahafsins en hafa skal þó í huga að áfengi má vinna úr næstum óteljandi plöntum og því liggja rætur etanóls (virka efnisins í áfengi) inntöku víða. Neysla á hrísgrjónavíni í Kína og Japan er þannig ævafor hefð og þótt Afrika hafi enga eiginlega vínhefð þá virðist nóg hafa verið unnið þar af gerjuðum vökva, skyldum bjór. Í raun er nóg að tryggja ávöxt og skyrpa honum svo í ílát til að myndist lággæða áfengi

þar sem skyndigerjun verður við samblöndu munnvatnsins og ávaxtarins (Escobedo, 1999, 11). Ameríka er svo nokkuð á sér báti þegar kemur að vímuefnum, neyslumenningin þar byggist að stórum hluta upp á skynvíkkandi (*hallucinogenic*) efnum. Þó má ekki gleyma að einn af þremur stærstu vímugjöfum heims í dag, tóbak, er þaðan ættaður og þekktist ekki annars staðar fyrir komu evrópumanna. Það er furðu lítið vitað um uppruna tóbaksneyslu, enn þó talið nokkuð víst að plantan (*Nicotiana*) komi upprunalega frá Suður-Ameríku og hafi þaðan borist til Norður-Ameríku (Gernet, 2007). Fornleifafræðingar hafa fundið öllu meira þegar kemur að skynvíkkandi efnum, má þar nefna gríðarstórar sveppastyttur í Guetemala sem raktar eru til Izapa menningarinnar og vísa í mikilvægi psilocybin sveppa í menningu þeirra. Styttur virðast einnig hafa verið byggðar víðsvegar í Suður-Ameríku á þúsund ára tímabili. Einnig má nefna hinar ýmsu tilvísanir í peyote kaktusinn eins og gríðarstóra veggmynd í hinni fornu borg Tenochtitlan í Mexíkó (Escobedo, 1999, 8).

Ástæðan fyrir þessu stutta yfirliti er sú að þegar skoða á vímuefni út frá mannfræðilegu sjónarhorni er mikilvægt að skilja hvar rætur neyslu mismunandi efna liggja, þar sem enn í dag hefur þessi uppruni mótandi áhrif á samfélagslega meðtekningu þeirra. Tökum sem dæmi þá staðreynd að áfengi er bannað í íslömskum ríkjum á meðan neysla á kannabisi og örvandi efnum eins og khat er oft á tíðum samfélagslega samþykkt (Sherratt, 2007). Fyrir tíð íslams hafði vindrykkja tíðkast í Mið-Austurlöndum og var það meðal annars flutt til Mekka af kristnum mönnum á þeim tíma sem Múhammed var uppi. Einnig eru elstu fornleifafundir tengdir áfengi frá því svæði og sjálfst orðið alcahol upprunalega komið úr arabísku (Dietler, 2006). En með upprisu íslams komu ný gildi þar sem völdin færðust í auknum mæli á hendur eyðimerkur ættbálka sem byggðu sitt samfélag á kameldýra ræktun og vöruflutningi á þeim. Þessi umskipti urðu meðal annars til þess að vagnar með hjólum hurfu alfarið frá stórum hluta Mið-Austurlanda og vegakerfið laut í lægra haldi fyrir slóðum í gegnum eyðimörkina (Sherratt, 2007). Á sama tíma var vín einnig fordæmt sem og svínakjöt, hlutir sem eru enn í dag tabú í þeim menningarheimum þar sem íslam er ráðandi. Þótt að það megi rekja þessar breytingar að sumu leyti til nytja og landfræðilegra þátta (staðreyndin að svín gefa ekki frá sér neina aukaafurð líkt og kindur (ull) er talinn ráðandi þáttur í því að sum samfélög hafi gert þau útlæg) þá virðist stærsti þátturinn í banninu vera meðvituð ákvörðun ráðandi afla til að búa til ný gildi fyrir samfélagið, gildi sem voru hönnuð til að vera í beinni andstöðu við fyrri venjur. Vín spilaði stóran þátt í menningu og trú kristinna manna á þeim svæðum sem íslam tók yfir og því var vínbannið táknræn skilaboð um að nýir valdhafar hefðu tekið við (Sherratt, 2007).

3 Mannfræði efnisinntöku

Þótt að vímuefni séu órjúfanlegur hluti af okkar daglega lífi og hafa áhrif á samfélagið, óháð því hvort við sjálf neytum þeirra, þá hefur verið áþreifanlegur skortur á umfjöllun um þau innan mannfræðinnar. Helst hefur umræða um þau verið tekin upp af þeim sem vinna innan heilsumannfræðinnar og er þá sjónarhornið, samfélagsleg vandamál þeim tengd. Þessi áhersla var nokkuð gagnrýnd af Judith C. Barker og Geoffrey Hunt á ICAES ráðstefnunni í New York árið 1998 en þemað þar var 21.öldin: Öld mannfræðinnar. Barker og Hunt töldu að einokun heilsumannfræðinnar og áhersla hennar á vandamálum tengdum vímuefnum væri varasöm og einnig gagnrýndu þau kenningalega notkun í umfjölluninni. Barker og Hunt hafa verið einna sýnilegust af þeim mannfræðingum sem vilja taka vímuefnarannsóknir innan mannfræðinnar í nýja átt. Í grein sinni *Socio-cultural anthropology and alcohol and drug research. Towards a unified theory* gagnrýna þau áfengistengdar rannsóknir innan mannfræðinnar og telja að þær hafi ekki uppfyllt þau aðferðafræðilegu og kenningalegu skilyrði sem ættu að vera á bakvið heildræna nálgun líkt og mannfræðin gengur út frá. Þau gagnrýna aðskilnað áfengis og annarra vímuefna í rannsóknum en benda einnig á vöntun á því að skoða táknræna, ritúalíska, félagslega og efnahagslega þætti þegar kemur að vímuefnanotkun. Þau enda loks á að segja að áherslan á umfjöllun um vímuefni innan heilsumannfræði geti leitt til þess að mannfræðin verði þræll þess og annarra fræðisviða og notkunar þeirra á afleiðslumódelum þegar kemur að vímuefnarannsóknum (Barker og Hunt, 2001).

Sjónarhorn Barker og Hunt er nokkuð umdeilt en það er ekki hægt að neita því að þegar vímuefni eru skoðuð út frá mannfræðilegu sjónarhorni ætti sjónunum að vera beint að sjálfri athöfninni og þeirri félagslegu formgerð sem þar liggur að baki. Barker og Hunter hafa þannig staðið föst á því að mannfræðin sé menningarlegur rýnir en viðurkenna samt að ríkis og einkareknir styrktarsjóðir séu ekki hrifnir að meginlegri aðferðafræði þegar kemur að vímuefnamálum (Barker og Hunt, 2001). Mannfræðingurinn Stephen Hugh-Jones (2005) bendir á að allir sem leggja stund á einhverskonar menningarfræði séu sammála um að neysla sé í grunninn félagslegt athæfi. Hann vitnar í orð Arjun Appadurai því til staðfestingar "*neysla er í grunninn félagsleg, tengjandi og virk frekar en eitthvað einstaklingsbundið, einrænt og hlutlaust*" (Appadurai, 1986). Út frá því veltir hann því fyrir sér hvers vegna svo fáir mannfræðingar hafi skoðað vímuefnaneyslu nærsamfélagsins, sérstaklega í ljósi pólitísku, efnahagslegs og félagslegs mikilvægis hennar. Hann telur eina af ástæðunum vera þá

staðreynd að flest vímuefni séu ólögleg og verði því í kjölfarið hálf ósýnileg t.d. þegar kemur að tölulegum staðreyndum um efnahaginn. Einnig gerir það að verkum að það geti verið erfitt og jafnvel hættulegt að safna gögnum um framleiðslu, dreifingu og neyslu þeirra (Hugh-Jones, 2005). Hugh-Jones gagnrýnir einnig mannfræðinga sem vinna innan efnis og neyslumenningar fyrir að hafa annaðhvort litið algerlega fram hjá inntöku vímuefna í rannsóknum sínum eða einblínt eingöngu á þau. Hann telur að það eigi ekki að aðgreina þau efni sem við innbyrðum í rannsóknum heldur skoða heildina, matur, drykkir og vímuefni falli öll undir sama kenningarammann. (Hugh-Jones, 2005). Þessi nálgun hefur á seinustu árum verið æ meira í umræðunni en á samt ræturnar sínar að rekja til fyrirlestra Marcel Mauss um líkamstækni á fjórða áratug seinustu aldar. Þar talar hann um að vettfangsrannsakendur gleymi oft að rannsaka neyslu og nefnir þar sérstaklega inntöku matar en kemur einnig inn á vímuefni. Hvetur hann til frekari rannsókna á þeim og bendir á mikilvægi þess að safna goðsögnum sem snerti á hugbreytandi eignum (Mauss, 1947). Seinni tíma mannfræðingar áttu eftir að gera mikilvægar rannsóknir á hlutverki matar samanber fræg skrif Levi-Strauss um hið hráa og eldaða enn einhvern vegin virðast vímuþjafarnir að stórum hluta hafa gleymst þótt Levi-Strauss (1983) hafi lítilega komið inn á mikilvægi ofskynjunarsveppa í goðsögnum. Barker og Hunt (2001) hafa þó nýlega komið með eftirfarandi tillögu að sameinuðu módeli fyrir mannfræði efnis-inntöku.

1. Öll inntökuefni skulu vera rannsökuð innan sama kenningaramma. Þetta gerir samanburð á eignum mögulegan, gefur nýjan skilning á flokkun þeirra sem lögleg og ólögleg og betri möguleika á að skilja þær breytingar sem verða þegar efni færast milli samfélagslegra marka.

2. Neysla inntökuefna er í eðli sínu félagsleg og sýnir vel menningarleg ferli, áhyggjur og tákni. Þetta leyfir skoðun á hegðun neytenda og félagslegrar sjálfsmyndar þeirra í mjög víðu samhengi, forðast hlutgervingu efnana og tengir "vandamála sjónarhornið" formgerð valds.

3. Hin ýmsu hvel neyslu eru virt mismunandi af ólíkum hópum innan ólíkra svæða. Þessi áhersla sýnir hvernig gildi hennar breytist eftir stöðu efnana í samfélaginu.

4. Framleiðslu, dreifingu og neyslu verður að skoða sameiginlega. Þetta gerir viðtækari og frjósamari skilning á makró og mikró málefnum mögulegan.

5. Það er gríðarlega mikilvægt að skoða völd í tengslum við efnisinntöku. Það útskýrir hvernig valdahópar stjórna siðferðislegu hagkerfi vímuefna í samfélaginu, og hvernig þeir móta og stjórna hegðun í inntöku efna og löngun til þeirra (Hunt og Barker, 2001).

Telja þau að slíkt módel hjálpi rannsakendum við að skoða hvernig mismunandi menningarheimar flokki þessi efni. Nefna þau sem dæmi að á vesturlöndum séu vímuefni álitin alger andstæða lyfja, matar og jafnvel á tíðum, áfengis (Barker og Hunt, 2001). Hinsvegar geta slíkar flokkanir verið gjörólíkar á öðrum svæðum heimsins. Hugh-Jones (1995) framkvæmdi strúkturalíska rannsókn í anda Claude Levi-Strauss á Barasana fólkinu í norð-vestur hluta Amazóns frumskógarins sem sýndi fram á hvernig þau flokka inntökuefni annaðhvort sem mat eða ekki mat. Einnig er forvitnilegt að í mörgum samfélögum í Suður-Evrópu er vín flokkað sem matur og aukið vægi fæðubótaefna hefur líka teygt það hugtak enn frekar á vesturlöndum. Michael Dietler bendir svo á að áfengi sé líkt og matur hluti af því sem hann kys að kalla "*embodied material culture*". Það er sérstök tegund efnismenningar sem er sköpuð sérstaklega til eyðileggingar, en eyðilegging efnana felst þá í inntöku þeirra og niðurbrots í líkamanum, þau verða þannig hluti af okkur. Vegna náninna tengsla þeirra við hið líkamlega hafa þessir hlutir sérstaka merkingu fyrir fólk og eru mótandi þegar kemur að sköpun sjálfsmyndar og sjálfsrýni (Dietler, 2006). Þótt að Dietler vísi þarna eingöngu í áfengi þá er hægt að heimfæra það yfir á öll efni sem við tökum inn og framleiðum gagnert í þeim tilgangi.

Einn af þeim sem fyrst vakti athygli á skorti á umræðu um vímuefni var Merrill Singer (1986) en hann talaði um á níunda áratugnum að þetta áhugaleysi væri hugsanlega tilkomið vegna þess að vímuefnarannsóknir væru ekki hluti af "mannfræði draumnum". Í nýlegri grein tekur hann þetta umræðuefni aftur upp og bendir á að þangað til nýlega, hafi flestir mannfræðingar á því sviði slyst inn á það en ekki valið það gagnert út frá áhuga (Singer, 2001). Singer telur líkt og margir aðrir mannfræðingar sem hafa látið vímuefnamál sig varða að framtíðin liggi í þverfaglegri nálgun. Bendir hann á að mannfræðin í heild sinni hafi á seinustu áratugum færst frá hinum upprunalega staka vettfangsrannsakanda yfir í þverfaglegar hóprannsóknir og frá þröngum menningarlegum frávikum yfir í samtímarannsóknir á nærsamfélaginu (Singer, 2001). Einnig hefur verið bent á að landslag mannfræðinar hafi tekið miklum breytingum vegna alþjóðavæðingarinnar og hópar sem hafi áður verið megin viðfangsefni mannfræðinga séu í auknu mæli farnir að heimta að fá að tala fyrir sig sjálfir (Marshall, Ames og Bennet, 2001). Mikilvægt sé því fyrir framtíð fræðigreinarinnar að færa sig inn á nýjar lendur þar sem heildræn sýn hennar nýtist í rannsóknum. Gott dæmi um slíkt telja þau Marshall, Ames og Bennet (2001) vera heilsumannfræðin, þar sem hún hefur frá upphafi nýtt sér þverfaglega nálgun og brúi einnig bilið á milli félagslegrar og líffræðilegrar mannfræði. Benda þau á að hún gæti sem dæmi verið vel til þess fallin að sýna fram á hvernig samblanda af genétískum og umhverfislegum þáttum skapar það ástand sem við þekkjum í

dag sem alkahólisma (Marshall, Ames og Bennet, 2001). En ef við horfum eingöngu á framtíð félagsmannfræðinnar, hvar liggur þá styrkur hennar í þverfaglegu rannsóknarteymi? Barker og Hunt (2001) telja að mannfræðingar sem vinna að vímuefnarannsóknum séu ekki í öfundsverðu hlutverki, þar sem þeir séu í minnihluta bæði innan fræðigreinarinnar en einnig innan vímuefnafræða almennt. Einnig sé eigindleg aðferðafræði sérstaklega hönnuð fyrir fjarlæg samfélög sem erfitt er að skoða út frá hefðbundnari aðferðum félagsvísindanna. Mannfræðingar hafa hinsvegar mikla reynslu af því að skoða menningarlega mótaðar afstöður og mikilvægi athafna innan ólíkra menningarheima. Vöntun á að skoða betur ritúlíska þætti er eitt af því sem Barker og Hunt nefna í gagnrýni sinni en einnig megi sjá skort á umfjöllun um áhrif félagslegrar formgerðar á neyslu og samhengi hennar. Mannfræðingar hafa þannig oft staðið sig vel í að sýna hvernig hið félagslega spilar inn í neyslu í menningarheimum sem hafa langa notkunarsögu tiltekinnar efna en lítið skoðað hvað skeður þegar sama efni færast inn í nýtt samhengi á vesturlöndum. David Nutt bendir líka á að í kjölfar þess bils sem virðist vera að myndast milli vísinda og stjórnmála þurfi að skoða betur hvað liggji að baki umbyrðalyndis samfélagsins fyrir sumum hættulegum athöfnum og hvernig það hafi þróast í gegnum árin (Nutt, 2009). Ef við bara göngum út frá módeli Hunt og Barker þá eru þar komnir margir þættir sem þarfnast frekari rannsókna, frekari vinna út frá því gæti verið ráðandi þáttur í skilningi okkar á félagslegri formgerð, uppruna vímuefnaneyslu og hvernig gildi samfélagsins spila þar inn í.

4 Mikilvægi athafnarinnar og hins félagslega

Flestir ef ekki allir náttúrulegir vímugjafar eiga sér menningartengda sögu þar sem notkun þeirra tengist sérstakri athöfn í samfélaginu. Út frá mannfræðilegu sjónarhorni er sérstaklega áhugavert að skoða breytingar á neyslumynstri þegar sjálf formgerðin breytist og þeir eru teknir út úr aldagömlu ritualísku samhengi. Tökum sem dæmi khat, efni sem er ekki vel þekkt á vesturlöndum en hefur á seinustu árum verið dregið inn í hið svokallaða fíkniefnastríð vegna aukins fjölda innflytjenda frá Sómalíu og Jemen. Khat er í grunninn örvandi efni og er notkun þess samofin samfélagi og menningu í Jemen, Eþópíu og nokkrum öðrum samliggjandi norður afrískum löndum. Neysla þess þar er samkvæmt hefð aðeins leyfð karlmönnum og fer oftast fram síðdegis í hópum þar sem mál líðandi stundar eru rædd, ekki ólíkt kaffihúsameningu vesturlanda (Beckerleg og Klein, 2007, 238). Virku efnin í khat, *cathine* og *cathinone* hafa verið á bannlista Sameinuðu Þjóðanna síðan 1973 en upp á síðkastið hefur sjálf plantan verið gerð ólögleg í fjölda landa. Í kjölfarið hefur neyslumynstur í þeim löndum breyst og líkist það æ meira þekktu mynstri neytenda annarra ólöglegra vímuefna. Beckerleg og Klein (2007) lýsa því hvernig að neyslan í löndum þar sem staða efnisins er óljós líkt og í Bretlandi, fari hún aðallega fram í heimahúsum en í Skandinavíu þar sem plantan er á bannlista hefur neysla í auknu mæli færst neðanjarðar og fari jafnvel fram í tómun byggingum, almenningsgördum og öðrum stöðum þar sem neytandinn finni öryggi. Það þarf því í tilfalli khats eins og með aðra vímugjafa að skoða upprunann og hversu langt formgerð neyslunnar er komin frá honum á vesturlöndum. Hægt er sem dæmi að fá flest öll vímuefni í Reykjavík í dag en samt á neysla á þeim þar ekkert skylt við þau gildi sem eru til staðar í þeim menningarheimum sem þau koma upprunalega frá. Það er því þörf fyrir mannfræðinga að skoða meira hvort hið félagslega og gildi samfélagsins hafi ráðandi áhrif á neyslumynstur. Paul Spicer (2001) hefur unnið vettfangsrannsókn með indjáním í Bandaríkjunum og skoðar þar hvernig menning þeirra spilar inn í áfengistengd vandamál. Hann kemst meðal annars að því að þeir telja AA samtökin vera stofnun byggða á gildum hvíta mannsins og boðskapur hennar eigi ekkert erindi við þá. Einn viðmælanda hans hafði farið í margar meðferðir en gat þó ekki skilið hvernig athöfn eins ánægjuleg drykkja væri flokkuð sem langvarandi sjúkdómur. Rannsóknir hans sýndu einnig fram á að indjánarnir tengdu vandamál sín ekki beint við áfengi eða sjálfa drykkjuna heldur frekar við þá staðreynd að þeir höfðu fjarlægst

gömul menningarleg gildi (Spicer, 2001). Þarna höfum við mjög ólíka afstöðu en þá sem þekkt á vesturlöndum þar sem sjálft efnið er oft persónugert og séð sem helsta vandamálið enn ekki manneskjan sem neytir þess.

En áfengisneysla á vesturlöndum fylgir heldur ekki einni fastri formgerð. Robin Room (2001) leggur út frá frægri bók eftir Craig MacAndrew og Robert Edgerton *Drunken Comportment* (1969) í grein sinni *Intoxication and bad behaviour: Understanding cultural differences in the link*. Hann lýsir þar muninum á "þurrum" og "blautum" samfélögum, tengslum þess við slæma hegðun og hvernig oft er litið framhjá slíkri hegðun í sumum samfélögum (Room, 2001). Svokölluð blaut samfélög er meðal annars að finna í Suður-Evrópu þar sem dagleg neysla á litlu magni af áfengi er hluti af menningunni. Þurr samfélög er hinsvegar að finna í Norður-Evrópu þar sem dagleg drykkja þekkt sjaldan en um helgar þekkt hinsvegar það sem Room (2001) kallar "time out" eða leikhlé en þá er hefð fyrir magndrykkju líkt og við Íslendingar ættum að þekkja vel. Room endar svo grein sína á að hvetja til frekari rannsókna á hvernig menning spilar inn í drykkjusiði og hvaða þættir hafi þar afgerandi áhrif. Á vesturlöndum höfum við því mótað í kringum áfengi vissa ritúala líkt og þekkt með vímogjafa í öðrum menningarheimum. En það er þó einn vímogjafi sem er mun meira áberandi þegar kemur að slíkum siðum og stór hluti samfélagsins hefur komið sér upp hefðum og venjum tengdum honum en sá vímogjafi er koffín.

Það eru kannski ekki margir sem hugsa um hvað nákvæmlega gerist þegar þeir drekka fyrsta kaffibolla dagsins en allir neytendur þekkja áhrifin og stór hluti þjóðfélagsins treystir á þau til að byrja daginn. Koffín er mest notaði vímogjafi í heimi og í Norður-Ameríku nota 90% fullorðinna hann daglega (Lovett, 2005). Inntakan fer oftast fram í gegnum drykk, hvort sem er um að ræða kaffi, te, gosdrykki eða orkudrykki sem hafa á seinustu árum notið æ meiri vinsælda og þá sérstaklega hjá ungu fólki. En koffín má einnig finna sem dæmi í mörgum hársjampóum, staðreynd sem er ekki haldið uppi af framleiðandanum enn hefur ótvíráð áhrif í morgunsturtunni þar sem efnið á greiða leið inn í líkamann í gegnum háráðarnar í höfðinu. Það þarf þó engin að efast um að framleiðendur vara sem innihalda koffín viti ekki hvað þeir eru að gera. Dr. Jack James sem var gestaprófessor við Háskólann í Reykjavík árið 2009 telur að margar samsvaranir séu á milli markaðssetningar koffínfyrirtækjanna og tóbaksfyrirtækjanna. Þannig hafi á seinustu árum orðið alger sprenging í framleiðslu á koffíndrykkjum fyrir ungt fólk og einnig séu koffín pillur sérstaklega markaðsettar fyrir stúdenta undir því yfirskyni að þær bæti námsárangur (www.mbl.is, 2009). Koffín inntaka virðist ekki hafa vakið áhuga mannfræðinga og spurning kannski hvort að málið standi þeim

of nærri þar sem samkvæmt tölulegum staðreyndum ætti meirihluti þeirra að vera í hópi neytenda þess. Að sama skapi er ekki að finna mikið af mannfræðilegum heimildum um inntöku nikótíns þótt þar sé í raun um að ræða mjög áhugavert efni þar sem neyslumynstur þess hefur tekið stórum breytingum á seinustu árum. Þannig virðist samfélagið ekki fordæma tóbak vegna nikótínsins og ávanabindandi áhrifa þess eins mikið og vegna heilsufarslegra áhrifa inntöku aðferðarinnar. Auglýsingar um ýmis nikótín "lyf" eru þannig áberandi í nútíma samfélagi og áherslan er á að þar sé um að ræða heilbrigðari leið til að fá nikótín skammtinn. Áhugavert er einnig að skoða hvernig nikótín færist frá eitri yfir í lyf eingöngu vegna þess að sjálf inntakan er undir öðrum formerkjum. Svipað á sér einnig stað í tilfelli kannabisefna sem ætluð eru í lækningaskyni, þar geta neytendur í mörgum ríkjum Bandaríkjanna fengið þau samkvæmt læknisráði á meðan aðrir kaupa sömu vöru á göturhornum (Clark, 2000). Koffín og nikótín eru líka áhugaverð efni út frá mannfræðilegu sjónarhorni vegna þess að í Evrópu þar sem kaffi, te og tóbaksneysla virðist oft inngróin inn í samfélagið, liggur ólíkt öðrum vímugjöfum aðeins að baki 200 - 300 ára saga (Goodman, 2007). Samt höfum við náð að umbreyta þeim í vöru sem gerir það að verkum að ólíkt ólöglegum vímugjöfum sem oftast eru kenndir við virka efnið í þeim neytum við ekki koffíns heldur drekkum Merrild kaffi og neytum ekki nikótíns heldur reykjum Winston.

Það þekkja flestir hugtakið óregla og að vera óreglumaður eða í óreglu. Þar er átt við þegar eitthver fylgir ekki þeim óskráðu reglum sem samfélagið hefur sett í sambandi við vímuefni. Innan félagsfræðinnar er þetta betur þekkt sem frávíkshægðun og er umfjöllunarefni Howard S. Becker í bók hans *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance* frá 1963. Bókin er talin tímamótaverk í félagsfræði frávíkshægðunar og fannst honum sjálfum viðfangsefnið svo umdeilt að hann frestaði útgáfunni í áratug eða þangað til samfélagið var að hans mati tilbúið fyrir þær ályktanir sem þar koma fram. Hann setur þar fram það sem kallað er "labeling theory" eða stimplunar kenningin innan félagsfræðinnar. Gengur hún út á að með því að hegða sér á hátt sem er ekki samfélagslega samþykktur verði aðilar stimplaðir af samfélaginu og í kjölfarið sjálfum sér, sem frávík. Þessi stimplun leiðir svo til þess að aðilinn sér enga aðra leið heldur en að taka upp hegðunarmynstur sem fylgir þeirri ímynd sem samfélagið hefur af honum (Becker, 1963). Það umhverfi sem neytendur ólöglegra vímuefna búa við hlýtur því að hafa einhver áhrif á neyslu þeirra. Staðreyndin að með inntöku þeirra séu þeir orðnir að einskonar félagslegu frávíki getur ekki ýtt undir "réttu" hegðun. Hið félagslega spilar hinsvegar einnig inn í þegar kemur að áhættuþáttum þess að verða vímuefnaneytandi. Merrill Singer (2001) bendir á það hvernig fátækari hlutar stórborga verða að einskonar markaði fyrir ólögleg fíkniefni og þjóni þannig íbúum ríkari hluta borgana þegar þeir leiti að efnum sem eru

áhugaverð að stórum hluta vegna banns samfélagsins á þeim. Singer bendir á að fyrir ungt fólk sem elst upp í þessum hverfum sé hinn svokallaði Ameríski draumur borin von en vímuefni bjóði þeim upp á annarskonar drauma og eru ávallt í seilingarfjarlægð (Singer, 2001). Þessi vímuefnavæðing fátækari hluta borgarinnar eru að stórum hluta vegna þess að yfirvöld horfa þar framhjá þáttum sem væru ekki samþykktir í "virðulegri" hlutum borgarinnar. Fyrir mannfræðinga sem vinna að vímuefnarannsóknum hlýtur því að vera mikilvægt að skoða áhrif bannsins á samfélagið og birtingamyndir hins svokallaða stríðs gegn vímuefnum. Bæði í tilfalli einstakra hópa innan samfélagsins enn einnig þegar menningarleg gildi landa skarast á við stefnu löggjafans eins og í tilfalli coca plöntunar.

5 Menningarheimar

Coca plantan hefur lengi verið notuð í Andesfjöllunum og gegnir enn í dag stóru hlutverki í mörgum samfélögum þar. Elstu fornleifafundir tengdir henni eru taldir frá 3000 f.kr og því má álykta að um sé að ræða að minnsta kosti 5000 ára samfelda notkunarsögu. Vísbendingar eru jafnvel uppi um að safnara og veiðimanna samfélög hafi uppgvötað plöntuna samsíða notagildi lamadýrsins 5000 árum f.kr en dýrin eru þekkt fyrir ásækni í hana (Siegel, 2005). Coca plantan er til margs nytsamleg og innihalda 100 grömm af coca laufum 305 kalóríur, 18.9 grömm af próteini og uppfylla ráðlagðan dagskammt af kalsíum, járni, A og E vítamíni ásamt öðrum bætiefnum. Virkni hennar til að vinna gegn háfjallaveiki hefur líka verið einn af helstu kostunum fyrir íbúa Andesfjallana og einnig sú staðreynd að hún hækkar hitastig líkamans (Siegel, 2005). Örvandi áhrifin eru samt það sem hefur fært plöntunni frægð um allan heim, jafnvel þótt að coca á sínu náttúrlega formi sé að mörgu leiti líkt kaffi, vægur vímugjafi með lága skaðsemi. Allir þessir þættir hafa spilað inn í mikilvægi plöntunar fyrir menningu Andesfjallana en það var einn atburður sem átti eftir að hafa ráðandi áhrif á stöðu hennar þar, jafnvel þótt að hann hafi átt sér stað í annari heimsálfu, í um 11000 kílómetra fjarlægð.

Árið 1859 einangraði þýskur nemi í lyfjafræði Albert Niemann virka efnið í kókalaufunum og nefndi það kókaín, í kjölfarið fékk Niemann doktorsgráðu og kókaín varð nýja óskabarn lyfjaiðnaðarins (Courtwright, 2007). Hér verður ekki farið nánar út í sögu þess sem meðal annars inniheldur fæðingu vinsælasta gosdrykkjar nútímans og stuðning og meðmæli frægasta sálfræðings allra tíma Sigmund Freud. Það sem skiptir máli er að í kringum 1920 hafði heimurinn áttað sig á skaðsemi kókaíns og hversu ávanabindandi það væri í raun. Óskabarnið var því fellt af stalli sínum og átti eftir að hverfa í um 50 ár eða þangað til amfetamín sem hafði tekið við svipuðu örvandi hlutverki var einnig bannað með samþykkt Sameinuðu Þjóðanna árið 1971 (Escobedo, 1999). Í kjölfarið sneri kókaín aftur og það með hveli. Undir lok áttunda áratugarins var það orðið samofið dægurmenningu þess tíma og á níunda áratugnum varð sprenging í notkun þess í kjölfar krakks, nýs forms reyk kókaíns sem var sérstaklega markaðssett í fátækari hlutum stórborganna (Courtwright, 2007). Þessi ásókn vesturlandabúa í efnið átti eftir að hafa stór áhrif á líf íbúa í löndunum í kringum Andesfjöllin sem höfðu í þúsundir ára lifað í sátt og samlyndi með coca plöntunni. Til að byrja með fóru

Kólumbískir glæpahringir sem stjórnðu kókaín innflutningnum til Bandaríkjanna að gera sér grein fyrir að plönturnar í Perú og Bolívíu innhéldu mun meira af virka vímuefnum heldur en coca plönturnar í heimalandi þeirra. Þeir buðu því bændum á þeim svæðum gull og græna skóga fyrir að auka framleiðsluna, tilboð sem erfitt var að hafna fyrir fátæka bændur (Courtwright, 2007). En í kjölfarið fór Bandaríkjastjórn sem var þá komin á fullt í stríð sitt gegn vímuefnum að fljúga yfir og eitra akrana, bændurnir í Andesfjöllunum sem treystu enn að stórum hluta á lamadýr og aldagamlar aðferðir voru því skyndilega orðnir skotsþónn stærsta hernaðarveldis í heimi. Vegna þrýstings frá Bandaríkjunum var coca plantan svo gerð ólögleg árið 1988 sem leiddi til þess að í kringum árið 2000 voru 80 - 90% allra fanga í Bolívíu sitjandi af sér dóm vegna coca tengdra mála (www.narconews.com, 2003). Áhrif eiturefnana sem sprautað var yfir akrana á umhverfið var einnig gríðarlegt og gengu Bandaríkjamenn svo langt að þróa sérstakan myglusvepp sem skildi lítið lifandi eftir á þeim svæðum sem honum var dreift (colombiajournal.org, 2000).

Allt vekur þetta upp spurningar um hvernig neysluvenjur vesturlanda geta haft geigvænleg áhrif á aðra menningarheima. Blikur er þó á lofti um nýja tíma fyrir coca plöntuna, í kjölfar vaxandi óánægju coca bænda í Bolívíu náði forsprakki þeirra Evo Morales kjöri sem forseti árið 2005. Hann hefur síðan unnið að því að sýna heiminum fram á að coca er ekki kókaín heldur sé um að ræða náttúrulega plöntu sem hafi mikið menningarlegt gildi en hafi ranglega verið stimpluð sem ógn. Nýjasta útspilið er svo coca orkudrykkur sem settur er til höfuðs koffín drykkjum vesturlandana og á að hjálpa til við tillögu Bolívíu um að hnekkja banni Sameinuðu þjóðanna á coca (www.dailymail.co.uk, 2011). Bandaríkin hafa að sjálfsögðu lagt fram erindi gegn því og forvitnilegt verður að fylgjast með málalyktum

En umhverfi coca plöntunar og menningarheimsins sem hóf að nota hana er ekki það eina sem tekið hefur breytingum í kjölfar vímuefna sólginna Vesturlandabúa. Á sjöunda áratugnum varð mikil vitundarvakning meðal ungs fólks á vesturlöndum, tími sem oftast er kallaður hippatímabilið. Hluti af þessari vitundarvakningu var aukinn smekkur fyrir menningu Indlands og samliggjandi landa, án efa má rekja það að hluta til tónlistarmanna líkt og Bítlanna sem ferðuðust þangað í leit að hugarró og innblæstri. Þessi nýsprottni áhugi leiddi til hinnar svokölluðu hippaslóðar en þar er vísað til að ferðalaga ungs fólks um Suður-Asíu sem enduðu oft í Indlandi eða Nepal. Þar fundu ferðalangarnir menningu sem líkt og í Andesfjöllunum hafði komið sér upp venjum og síðum tengdum sérstakri plöntu, kannabis plöntunni (Booth, 2003). Kannabis plantan eða *Cannabis Sativa* eins og hún heitir á fræðimáli er líkt og coca plantan til margs nytsamleg. Hana má vinna í pappír og reipi, fræin hafa hátt

olíuinnihald og eru því tilvalin fæða, en líkt og coca plantan stafar frægð hennar þó aðallega af vímuáhrifunum. Á Indlandi hefur hún skipað mikilvægt hlutverk í trúarathöfnum en einnig til dægrastyttingar og gegnir hún þar hlutverki sem kallast á við neyslu áfengis á vesturlöndum. Slíka samsvörun má einnig finna í trúarathöfnum þar sem þáttakendum er boðinn drykkur gerður úr kannabisi og þeim sem hann ekki vilja þiggja er gert að setja að minnsta kosti dropa á tunguna (Mills, 2005). Minnir slíkt ónetjanlega á hlutverk messuvíns í athöfnum kristinna manna og sýnir fram á hvernig mismunandi menningarheimar hafa þróað með sér samsvarandi siði í kringum ólík efni. Neysla kannabisi var samofin menningu þessara landa og hafði ekki orð á sér fyrir að vera á neinn hátt skaðleg, hvorki fyrir einstaklinga eða samfélagið í heild (Escohotado, 1999).

Landslagið átti þó eftir að breytast með tilkomu vesturlandabúanna sem töldu sig hafa fundið einskonar útópiu þar sem þeir gætu sloppið undan veraldleika fyrri lífs og ræktað sjálfið í reykjarmekki. Í Nepal þar sem kannabis var álitíð hafa lækningarmátt og neysla þess til afþreyingar var bundin hefðum sem leyfðu ekki ofneyslu, byrjaði að myndast samfélag vesturlandabúa sem sóttu þangað vegna lágs verðs og nægs framboðs á efninu. Koma vesturlandabúanna ógnaði stöðuleika landsins sem hafði í raun lítið breyst síðan á miðöldum. Þeir komu með inn í landið gríðar mikið fé á Nepalskan mælikvarða sem hækkaði ekki bara verð á kannabisi heldur einnig öllum helstu nauðsynjum. Til að mæta þörfum þeirra voru settar upp sérstakar kannabis búðir og yngri kynslóð landsins fór í auknum mæli að tileinka sér neyslusiði aðkomumannana enda voru Vesturlönd í tísku (Booth, 2003). En Adam var ekki lengi í paradís því Sameinuðu Þjóðirnar og Bandaríkin gripu inn í, þann 16. júlí 1973 afturkölluðu Nepölsk stjórnvöld öll leyfi fyrir ræktun og sölu á kannabisi vegna þrýstings alþjóðasamfélagsins. Áhrifin á samfélagið voru mikil þar sem það hafði bæði aðlagð hagkerfið að þörfum innflytjendana en einnig vegna bænda sem höfðu löngu fyrir komu vesturlandabúana ræktað kannabis en fundu sig nú án atvinnu. Svipaðir hlutir áttu sér einnig stað í löndunum í kring, þar á meðal Afganistan, sem reyndar fékk 47 milljónir bandaríkjadollara greiðslu fyrir að eyðileggja allar kannabis og ópíum uppskerur í landinu (Booth, 2003).

En ríkisstjórn Bandaríkjanna stóð ekki bara í þvingunum gegn framleiðsluríkjum, vegna aukinar neyslu á kannabisi sem hafði nú færst frá því að vera bara einskorðuð við ungt fólk og fátækari hluta þjóðfélagsins yfir í flestar stéttir landsins var ákveðið að sanna í eitt skipti fyrir öll skaðsemi efnisins með rannsóknum. Þegar þær rannsóknir komu til baka með niðurstöður sem sögðu að engin rök væru fyrir banni á efninu þar sem skaðsemi þess væri mun lægri

heldur enn löglegir vímugjafar eins og áfengi og tóbak sneri þáverandi forseti Richard Nixon sér til mannfræðinnar (Ember & Ember, 2003).. Rök hans og aðstoðarmanna hans voru að upprunalega rannsóknin hafi verið gölluð í grunninn þar sem skaðsemi efnisins væri ekki enn komin fram í Bandaríkjunum, neyslusagan væri of stutt. Tvö teymi af mannfræðingum voru því send út af örkinni til Jamaica og Kosta Ríka, staða þar sem langtíma notkun var algeng. Í þessum rannsóknum var stuðst við etnógrafískar aðferðir þar sem ætlunin var að skoða notkun efnisins í samhengi með samfélaginu og flókinnar uppbyggingar þess. Einnig var þverfaglegum aðferðum beitt þar sem læknisfræðilegar og sálfræðilegar matsaðferðir áttu ásamt mannfræðilegum aðferðum að sannreyna skaðsemi 10 ára neyslu efnisins. En niðurstaðan var sú sama, rannsakendurnir fundu sama sem engin merki um heilsufarsleg né félagsleg vandamál tengd neyslu á kannabisi (Ember & Ember, 2003).

Samsvarandi rannsóknir mannfræðinga á coca og khat neyslu í löndum með langa neysluhefð hafa skilað svipuðum niðurstöðum, notkun þeirra í þessum menningarheimum virðist ekki leiða til þeirra skaðlegu áhrifa sem yfirvöld á vesturlöndum hafa haldið fram (Hunt & Barker, 2001). En hvers vegna leiða þessir og aðrir vímugjafar þá til þess félagslega niðurbrots sem við á vesturlöndum þekkjum svo vel? Svárið hlýtur að liggja að hluta til í umgjörðinni sem mótuð hefur verið í kringum þá eða kannski frekar hefur ekki verið mótuð. Á meðan áfengisneysla hefur verið samfélagslega mótuð og oft á ólíkan hátt, líkt Robin Room bendir á, þá hefur öðrum vímugjöfum verið hent saman bakvið tjald líkt og skítugu börnunum hennar Evu í Biblíunni. Hunt og Barker (2001) benda á að í löndum í Evrópu og Norður-Ameríku hafi lengi verið landlægur ótti við hugbreytingum og skynvíkkun, ótti sem kannski átti stóran þátt í nornaofsóknum fyrri tíma. Jordan Goodman og Paul E. Lovejoy (2007) benda enn fremur á að vímuefnafælni vesturlanda hafi haft mótandi áhrif á fræðigreinar og skekkt skilning okkar á menningarlegum þáttum og breytingum tengdum þeim. Sýn vesturlanda hefur ávallt verið á efninu en ekki neytandanum, sem þrátt fyrir sífellt hertari löggjöf virðist ekkert slá af ásókn sinni. Til að finna svar við því hvers vegna svo er komið þarf að leita út fyrir mannfræðina og nýta sér þekkingu annara fræðisviða í þverfaglegri nálgun.

6 Grunnþörf

Ronald K. Siegel er doktor í sállyfjafræði við Kaliforníu háskóla og hefur á seinustu 30 árum rannsakað vímuefni og út frá því komið fram með sterk rök fyrir því sem hann kallar "fourth drive" eða fjórðu þörfina. Telur Siegel þannig að þörf mannsins til hugbreytingar sé honum eðlislæg og hluti af grunnþörfum okkar líkt og fæða, svefn og kynlíf (Siegel, 2005). Bendir hann meðal annars á að þessi þörf komi fram strax hjá ungum börnum og sjáist á ásókn þeirra í tæki eins og rólur og einnig á öðrum leiktækjum þar sem tilgangurinn er að verða sem ringlaðastur eða fá svimakast. Tökum sem dæmi nornavögguna, leiktæki sem vinsælt er hjá börnum í Bandaríkjunum en hönnun þess má rekja aftur til miðalda þar sem það var notað í galdraathöfnum til að ná fram ofskynjunaráhrifum. Einnig eru mörg tæki í skemmtigörðum hönnuð sérstaklega til þess að valda stundargleði með svimaástandi. Vísitandi ásókn í svima er að mati Siegel frumstæðast leiðin til hugbreytingar og bendir hann á dansathafnir frumbyggja eins og búskmanna í Kalahari eyðimörkinni því til staðfestingar (Siegel, 2005, 211). Siegel talar um að svimi sé fylgifyskur margra vímuþjafa og stór hluti af vímuáhrifum efna eins og áfengis, kannabis og meskalíns. Börn fá einnig oft að kynnast efnatengdum svima í fyrsta skipti í formi hlátursgas (*Nitrous oxide*) hjá tannlæknum. Siegel bendir á að svima ástand feli í sér óljósa samblöndu jákvæðra og neikvæðra þátta líkt og megi segja um vímuáhrif flestra efna. Fyrstu kynni flestra af vímuþjöfum eru þannig oftast neikvæð og fela í sér ógleði, uppköst, svita og almenna vanlíðan. Eftir því sem neytandinn verður reyndari, lærir hann að vinna gegn þessum þáttum með betri stjórn á inntökunni og réttum undirbúningi eins og að borða vel áður en áfengi er innbyrt eða alls ekki eins og í tilfelli ofskynjunarefna (Siegel, 2005). Mörg vímuefni hafa einnig neikvæð hliðar áhrif eða fráhrarfs áhrif líkt og þekkt er með kókaín og heróín, ótalin eru einnig neikvæð félagsleg áhrif efna eins og áfengis þar sem neytandinn fer oft í óminnis ástand. Spurningin er því afhverju leitum við aftur í eitthvað sem reynslan sýnir okkur að hafi neikvæð áhrif?

Til að útskýra þetta notar Siegel módel frá sálfræðingnum Richard Solomon sem Solomon kallar andstæðings-ferlis kenninguna eða "*Opponent-process theory*" (Siegel, 2005, 215). Solomon útskýrir að heili manna og í raun allra spendýra sé skipulagður til að vinna gegn og kæfa margar tegundir tilfinningalegs æsings, óháð því hvort hann sé af jákvæðum eða neikvæðum toga. Þessi ferli fari sjálfkrafa í gang þegar atburðir valda truflunum á

lífeðlisfræðilegum þáttum og séu því í raun einskonar náttúrlegt mótsvar heilans, hönnuð til að halda jafnvægi (Siegel, 2005). Sem dæmi nefnir Siegel fallhlífastökk en rannsóknir á fallhlífahermönnum hafa sýnt að jafnvel þeir djörfustu sýna skýr merki um hræðslu í fyrsta skipti og við lendingu geti þeir í fyrstu ekki tjáð sig með orðum svo mikið er sjokkið. Fljótlega finni þeir þó fyrir gríðarlegum létti og fara að tjá sig glaðlega um reynsluna við aðra hermenn. Eftir mörg stökk sé hræðslan hinsvegar ekki sjáanleg og aðlögunin hefur átt sér stað. Jákvæð áhrif lendingarinnar og eftiráhrifa hennar ýttir þeim þannig út í að stökkva aftur og aukin reynsla fær þá að lokum til að njóta sjálfs stökksins (Siegel, 2005). Í tilfelli margra vímugjafa er um að ræða akkúrat öfugt ferli, þannig þekkja eflaust margir það að hafa vaknað upp þunnir daginn eftir áfengisneyslu og svarið þess eið að drekka aldrei aftur en síðar fundið sig aftur í sömu stöðu. Þar vinnur minningin um jákvæð áhrif vímunar gegn neikvæðum eftiráhrifunum og því fáir sem hugsa um hversu slappir þeir verði daginn eftir þegar þeir opna fyrsta bjórinn. Fyrir stórnotendur áfengis verða þessi neikvæðu áhrif svo partur af lífinu og oft er helsta ráðið að byrja sem fyrst að drekka aftur. Út frá rannsóknum sínum hefur Siegel ekki mikla trú á árangri þess að banna vímuefni. Hann bendir á líkt og fjallað hefur verið hér um að nútíma maðurinn hafi notað vímuefni frá örófi alda og þar sé um að ræða svo sterka þörf að hana þurfi að beisla ekki banna. Staðreyndin sé að vímuefni eru allstaðar, hann nefnir hvernig flugmenn sem eitri coca akrana í Suður-Ameríku haldi sér vakandi með amfetmíni, líkt og bandarískir hermenn sem ryðja ópíum akra í Afganistan fá amfetamín pillur frá hernum og lögreglumenn sem berjast gegn kannabis ræktendum í Havaí haldi sér gangandi á kaffi. Nauðsynlegt sé fyrir samfélagið að viðurkenna það að þörfin fyrir hugbreytingu sé ekki að fara neitt. Þá fyrst getum við farið að hugsa næsta skref sem að hans mati ætti að vera líkt þeirri umbreytingu sem nikótín hefur farið í gegnum, öruggari inntöku aðferð (Siegel, 2005).

7 Orðræðan og staða vímuefna í nútíma samfélagi

Vímuefni koma daglega fyrir í helstu fréttamiðlum á Íslandi en orðræðan er samt einsleit. Ef maður opnar fréttasiðu á netinu er ekki ólíklegt að allavega ein frétt sé um að lögreglan hafi stoppað kannabis framleiðslu, um helgar eru fréttir um ölvunar og vímuefna akstur tíðar og upp á síðkastið hefur umræðan um lyfseðlaskyld lyf orðið háværari. Fíkniefnastríðið í Mexíkó er einnig fyrirferðamikilið í fréttum og gengjavæðing hins íslenska undirheims sem stólar að stærstum hluta á vímuefni sem tekjulind hefur ekki farið fram hjá neinum. Sameinuðu Þjóðirnar telja að ólöglegi fíkniefnamarkaðurinn velti 320 billjónum bandaríkja dollurum ári (www.economist.com, 2009) en taka þarf þeim tölum samt með fyrirvara þar sem engin leið er að reikna slíkt nákvæmlega. Auðveldara er að sjá bein áhrif markaðarins á samfélög eins í tilfalli Marokkó þar sem kannabis framleiðsla hefur farið úr 5000 tonnum í 250.000 tonn á seinustu 30 árum og er í dag stærsta tekjulind landsins þótt opinberlega sé það ferðamannaíðnaðurinn (www.guardian.co.uk, 2003). Tilraunir evrópusambandsins til að bjóða þeim bændum fé sem hætta framleiðslu á kannabisi hafa fallið í grýtan jarðveg og benda margir á að vandamálið sé fyrst og fremst nálægð landsins við markað sem í tilfalli Evrópu er talinn innhalda 20.000.000 neytenda efnisins (www.guardian.co.uk, 2003). Fréttáflutningur af vímuefnum er oft litaður af hagsmunum Vesturlanda og áherslan er á framboðið og framleiðsluna en lítið komið inn á þá staðreynd að slíkt helst aðeins í hendur við eftirspurn. Þannig óma oft gamlar tuggur um að framleiðsluríkin séu að ýta vímugjafanum að neytendum í vesturlöndum, þó að líkt og með flestar vörur sé það neytandinn sem stjórni ferðinni.

Þegar kemur að forvörnum hefur orðræðan lítið breyst í áráraðir og oftast er helsta vopnið hræðsluáróður. Í nýlegu viðtali við Ísland í bítíð tjáði Magnús Stefánsson forvarnafulltrúi hjá Marita samtökunum sig um kannabis neyslu ungmenna og kom þar meðal annars með nokkur dæmi. Þar á meðal voru sögur af grunnskólabörnum sem svæfu úti með hníf sér við hlið í kjölfar kannabis neyslu. Hann varaði einnig við því að ungir íþróttamenn á keppnisferðalögum erlendis væru að hitta menn niðri bæ með "rastafléttur" og versla af þeim kannabis. Hann hélt svo áfram og sagði að vísbendingar um neyslu væru meðal annars þær að unglíngurinn gæti í stað "venjulegrar" tónlistar verið farin að hlusta á reggae tónlist þar sem hún væri sprottin upp úr kannabis trúarbrögðum (www.pressan.is, 2011). Ummæli Magnúsar líkjast ansi mikið því sem mannfræðingar þekkja sem þjóðhverfu og vonandi að foreldrar fari

ekki með borgaralegum handtökum á alla með "rastaflettur" eða brenna Hjalma diska í kjölfarið. Það sem er hinsvegar verra er að unglingurinn sér líka í gegnum slíkan áróður og því hafa yfirlýsingar Magnúsar þeröfug áhrif þegar kemur að forvörnum. Ronald K. Siegel bendir á að þegar forvarnarstefnan var hvað virkust í Bandaríkjunum á níunda áratugnum, hafi birst sjónvarpsauglýsing sem sýndi venjulegt egg og lýst yfir: "hér er heilinn á þér" svo var skipt yfir í mynd af spæleggi á pönnu og lýst yfir "hér er heilinn á þér á eiturfjum". Hann segir að ef þessar auglýsingar hafi átt að sýna heila eftir langvarandi áfengisneyslu þá gæti höfundum þeirra verið fyrirgefin slík einföldun en í tilfalli skaðminni vímuefna (í tilfalli heilans) eins og kókaíns, LSD, kannabis og margra annara ólöglegra efna séu slíkar ýkjur ekki vænlegar til árangurs (Siegel, 2005, 287). Hann bendir enn fremur á að sagan sýni það svart á hvítu þar sem hin svokallaða "baby boomers" kynslóð hafi fengið sömu viðvaranir í æsku en hafi vaxið upp í að verða sú kynslóð sem er hvað sólgust í vímuefna. Sjónarhorn Siegels er auðvitað mjög kalt og vísindalegt, þannig er hann ekki að efast um skaðsemi vímuefna eins og kókaíns heldur benda á að þegar kemur að forvörnum þá er mikilvægt að koma fram með réttar upplýsingar, ekki bara sjokkera með myndmáli eða hryllingsögum. Slíkt hafi verið stundað í áratugi og árangurinn sé sama sem enginn. Í dag ætti að vera enn mikilvægara að setja hlutina fram með vísindalegum rökum þar sem sú kynslóð sem nú vex úr grasi á í engum erfiðleikum með að afla sér upplýsinga í gegnum internetið.

Ef við skoðum svo aðeins nánar rök Magnúsar þá er það fyrst hið framandi útland sem er varhugavert, þar leynast margar hættur og þá helst menn með "rastaflettur" sem eru á öllum götuhornum að selja börnum vímuefni. Hugmyndir hans um tónlist kallast svo óneitanlega á við orðræðuna í Bandaríkjunum eftir fyrra stríð þar sem blökkumenn voru sagðir leika djöflatónlist (jazz) svo sturlaðir af kannabisi að þeir réðust að öllum hvítum konum sem urðu á vegi þeirra. Slík umræða náði einnig alla leið til Íslands þar sem frétt í Morgunblaðinu frá 1938 kennir jazz tónlistarmönnum um að hafa flutt "eiturnautnina" marjúana frá Mexíkó til Bandaríkjanna (timarit.is). Þarna eru því komin þrástef sem hafa einkennt orðræðuna í marga áratugi og enn í dag sér ekki fyrir endan á þeim. Orðræðugreining í anda Michel Foucault kennir manni að sjá út slík þrástef og einnig að sjá áhrif ráðandi gilda samfélagsins á umræðuna. Öll mótumst við að þeirri menningu sem við búum við og þannig litast skoðanir okkar af hefðum og gildum samfélagsins. Kristín Björnsdóttir telur upp nokkra hluti sem rannsakandi þarf að hafa í huga þegar hann tekur viðtöl en þessir hlutir eiga einnig vel við þegar almenn viðtöl eru skoðuð líkt og í tilfalli Magnúsar. Fyrst er það að hvað miklu marki hefur reynsla viðmælandans mótast af ríkjandi hugmyndum og hefðum sem endurspeglast í fjölmiðlum og fræðsluefni sem haldið er að fólki? Að hve miklu marki hefur viðmælandi

samsamað sig ákveðnum skilningi sem hefur birst t.d sem rannsóknarniðurstöður í fjölmiðlum (Kristín Björnsdóttir, 2003)? Það má því ekki dæma Magnús of hart, málflutningur hans er afsprengi samfélags þar sem hræðsluáróður hefur lengi verið talin besta leiðin. Maður setur frekar spurningamerki við þá aðila sem stjórna viðtalinu að hafa ekki fundið að málflutningi hans þegar hann dró upp staðalmyndir líkt og tengsl blökkumanna við kannabis. En það loðir oft við vímuefna umræðuna að fáir þora að andmæla og benda á rangfærslur jafnvel þótt að ‘keisarinn sé kviknakinn’, því að þegar einhver gerir það getur það leitt til uppsagnar og samfélagslegrar fordæmingar eða stimulunar líkt og hefur verið bent á hér áður í tilfelli neytenda efnana.

Gott dæmi um það er brottrekstur David Nutts doktors í sálfræði og taugasálfyfræði úr stöðu sinni sem aðalráðgjafi bresku ríkistjórnarinnar í vímuefnamálum. Nutt sem hefur 30 ára reynslu í því að rannsaka vímuefni skrifaði leiðarar í tímaritið *Journal of Psychopharmacology* árið 2009 þar sem hann ber saman áhættuþætti þess að vera haldin svokölluðu *Equine Addicton Syndrome* sem mætti þýða sem útreiða fikn við neyslu á MDMA betur þekktu sem ecstasy. Útreiðar leysa úr læðingi adrenalín og endorfín og eru stundaðar af milljónum manna á hverju ári í Bretlandi. Nutt fékk áhuga á að skoða þær betur eftir að hafa fengið til sín sjúkling með alvarlegan taugaskaða eftir að hafa dottið af baki hests. Þegar hann skoðaði þær nánar þá kom í ljós að að meðaltali 10 deyja á ári og fjöldi annara verða fyrir óafturkræfum taugaskaða líkt og sjúklingur hans. Einnig sýndu þær niðurstöður að mun meiri líkur voru á að hljóta skaða við útreiðar heldur við notkun MDMA, þannig er líkur á skaða í 1 af hverjum 350 tilfellum í útreiðum en hjá MDMA í 1 af hverjum 10.000 tilfellum. (Nutt, 2009). En Nutt valdi útreiðar einnig vegna þess að þær eru álitnar heilbrigð skemmtun og það væri auðvelt að fylgja eftir banni á þeim þar sem ólíkt flestum vímuegjöfum er ekki hægt að stunda þær í skjóli heimilsins. En það sem kannski skiptir hvað mestu máli er að í samanburði við margt annað sem er leyft líkt og fallhlífastökk, teygjustökk og aðrar jaðaríþróttir þá eru þær frekar saklausar þrátt fyrir fyrir greindar tölur. Út frá því spyr hann svo hvers vegna svo skaðlegar íþróttir eru leyfðar á meðan tiltölulega hættulítill vímuefni er gerð refsiverð. Þar er um að hans mati að ræða samfélagslega mótaða afstöðu sem fylgir ekki vísindalega sannaðri greiningu á áhættu (Nutt, 2009). Stjórnvöld skilja að hans mati ekki ástæðurnar á bakvið vímuefnaneyslu fólks og vanmeta getu þeirra til að taka sjálfstæðar ákvarðanir út frá áhættuþáttum tengdum þeim. Hann heldur því enn fremur fram að almenningur og þá sérstaklega ungt fólk sé meðvitaður um skort á skynsamlegri og rökrænni umræðu um áhættur vímuefna, þetta leiði svo til þess líkt og ég kom inn á hér fyrir að þeir hætta að taka mark á þeim boðskap sem stjórnvöld hafi í þeim málum (Nutt, 2009). Nutt gagnrýnir einnig

fréttumfjöllun sem hann segir einkennast af hræðsluáróðri. Hann nefnir sem dæmi að á 10 ára tímabili í Skotlandi hafi 1 af hverjum 250 dauðsföllum af völdum paracetamóls verið tilkynnt, 1 af hverjum 50 í tilfelli diazepam enn 1 af hverjum 3 þegar kom að amfetamíni, og í tilfelli MDMA hvert eitt og einasta (Nutt, 2009). Í kjölfar þessara skrifa var Nutt ávítaður af þáverandi heimamálaráðherra Breta Jacqui Smith og skipað að biðja fjölskyldur fórnarlamba MDMA afsökunar, nokkrum mánuðum seinna var hann svo rekinn úr stöðu sinni og útskýringin var sú að hann væri að vinna gegn stefnu ríkistjórnarinnar (<http://www.guardian.co.uk>, 2009). Mál Nutt sýnir hversu mikið bil hefur myndast á milli ráðamanna og þeirra sem stunda rannsóknir á vímuefnum. Talar Nutt sjálfur um að þar mætist pólitík og vísindi, fyrri hópurinn byggir á mórölskum gildum á meðan sá seinni styðst við töluleg gögn eða það sem er betur þekkt sem meginlegar rannsóknir. Það má því spyrja sig hvort þar á milli sé ekki pláss fyrir eigindlega nálgun mannfræðinnar þar sem bæði sértæk dæmi og töluleg gögn geta lifað góðu lífi saman.

8 Refsing, lækning og völd

Við erum í dag öll þáttakendur í stríði, stríði sem hefur að vissu leiti geysað seinustu 100 ár en var formlega lýst yfir árið 1971 af Richard Nixon þáverandi Bandaríkjaforseta (Siegel, 2005). Ísland er ekki undanskilið og muna margir kannski eftir loforði stjórnvalda á tíunda áratugnum um fíkniefnalaust Ísland árið 2000. Ekki rættist úr þeim draumi og mætti kannski frekar segja að hann hafi snúist upp í andhverfu sína, í dag virðist Ísland að mörgu leiti sjálfbært þegar kemur að framleiðslu á vímuefnum og jafnvel sögusagnir uppi um útflutning á þeim (www.pressan.is, 2009). Nýjasta stríðsyfirlýsingin kom svo árið 2006 frá þá nýkjörnum forseta Mexíkó Felipe Calderon og hét hann því að ráða niðurlögum glæpahringjanna sem stjórna þar vímuefnamarkaðnum. Sú ósk rættist ekki og í dag er mannfalið komið í 35.000 síðan Calderon blés til sóknar og ástandið síst að batna (www.guardian.co.uk, 2011). Afhöfðuð lík finnast nú á vinsælum ferðamannastöðum og mætti í raun segja að borgarastyrjöld geysi í landinu. Einhverjir spyrja sig kannski afhverju mannfræðin ætti að rýna í ríkismálefni og er þá ekki úr vegi að víkja aftur að orðum Hunt og Barker (2001) um að setja þurfi vandamála sjónarhornið í samhengi valds. Í raun má segja að í dag sé samfélagið að vinna gegn sjálfu sér í trú um að það leiði til betri tíma en þrátt fyrir allt virðist ástandið aðeins versna. Siegel (2005) lýsir því hvernig múgæsingur hafi gripið um sig í Bandarísku samfélagi á níunda áratugnum í kjölfar yfirlýsinga Ronalds Reagan um að fíkniefnasalar verskulduðu dauðarefsingu. Einn lögreglumaður ákvað eftir að hafa stoppað vörubílstjóra með "grænar" plöntur á pallinum að sleppa réttarhöldunum og setja frekar tvær kúlur í hnakkann á honum þar sem hann lá handjárnaður á jörðinni og móðir sem kom að dóttir sinni við kókaín neyslu fékk stundarbrjálaði og stakk hana til dauða.

Staðreyndin er sú að stjórnvöld móta afstöðu okkar til efnana og það sem er kannski mikilvægast, þau móta hvaða stefnu löggjafarvaldið tekur gagnvart þeim. Þannig hefur lengi verið tvískinnungur í gangi gagnvart neytendum ólöglegra vímuefna, annars vegar er fíkn skilgreind sem sjúkdómur og ýmis meðferðarúrræði eru í boði fyrir þá sem haldnir eru henni. Hinsvegar er varsla á efnunum ólögleg og sértu tekin með þau er þér refsað. Hver refsingin er fer eftir landinu og getur verið allt frá sekt til dauða. Í Bandaríkjunum eru fangelsisdómar vegna smærri neysluskammta algengir enn á Íslandi sleppa neytendur oftast með sekt. En hvernig sem á það er litið þá skýtur það nokkuð skökku við að refsa sjúklingum, spurningin er

hvar liggja mörkin milli glæpamanns og sjúklings?, eins og er virðast þau ansi óljós. Hunt og Barker (2001) benda einnig á að líkt og með áfengi sé munur á sjúklegri notkun ólöglegra vímugjafa og hefðbundnari notkun þótt að þeir sem málum ráða sjái engan mun. Herferðina gegn neytendum verða líka að setja í samhengi með völdum. Þannig benda Carol R. Embler og Melvin Embler (2003) á að slíkar herferðir hafi í upphafi beinst gegn innflytjendum og minnihlutahópum eins og í tilfalli ópíums þar sem skotmörkin voru Kínverjar eða fræg herferð Harry J. Anslinger gegn kannabisi þar sem sjónunum var beint að blökkumönnum og Mexíkóskum innflytjendum. Þessar áherslur hafi svo rutt vegin fyrir ofsóknum á peyote menningu indjána í kringum 1960. Svipaðir hlutir átti sér stað á sjöunda áratugnum þegar yfirvöld einbeittu sér að kannabisneyslu sem vinsæl var hjá ungum róttæklingum en litu fram stórfelldum innflutningi á heróíni vegna hagsmunatengsla við uppreisnarhópa í Asíu sem treystu á það til að fjármagna vopnakaup. Afleiðingin var sú að á tíu árum fór fjöldi heróín fíkla úr 50.000 í 560.000 og meðal annars voru FBI útsendarar staðnir að verki við sölu á efninu í fátækra hverfi í New York (Escobedo, 1999, 128).

Völd skipta líka höfuðmáli þegar kemur að vímuefnarannsóknum innan mannfræðinnar. Stjórnvöld hafa í raun mótað þá stefnu sem fræðigreinin hefur tekið með stjórn á styrkjum og upp á síðkastið sett enn harðari skilyrði sem krefjast þess að rannsóknirnar "leiði til framfara fyrir heilsu og öryggi almennings" (Marshall, Ames og Bennett, 2001). Hunt og Barker (2001) benda á að þess áhersla á vandamál tengdum vímuefnum sé hugsanlega ástæðan fyrir því að áhrifamiklir fræðimenn innan mannfræðinnar hafi litið fram hjá þeim í skrifum sínum um inntökuefni, mannfræði matar hafi sem dæmi laðað að sér marga af helstu kenningarsmiðum fagsins. Staðreyndin er samt sú að eitt af hlutverkum mannfræðinnar er að vera menningarlegur rýnir. Vímuefni hafa, eru og munu að öllum líkindum vera hluti af menningu okkar um ókomna tíð. Það er því hættuleg þróun ef að mannfræðingar fara að taka upp hugmyndafræði samfélagsins í rannsóknum sínum, án þess að rýna nánar í hvað þar liggur að baki. Hunt og Barker (2001) telja að það sé hluti af faglegrri ábyrgð mannfræðinga að setja til hliðar sín eigin siðferðileg gildi sem og samfélagsins þegar kemur að vímuefnum. Með því að meðtaka flokkun þeirra í lögleg og ólögleg og neita að setja þau í heildrænt sjónarhorn líkt og mannfræðin hefur gert með aðra þætti samfélagsins þá sé fræðigreininni stjórnað af ráðandi sjónarhornum samfélagsins.

Mannfræðin hefur verið leiðandi í því að skoða áhrif alþjóðavæðingarinnar á samfélög, eftir áhrif nýlendustefnunar og aukið flæði fólks milli menningarheima, hefur hún þar unnið ötullega að því að brjóta niður staðalmyndir sem ráðandi hafa verið í samfélaginu. En hluti af

alþjóðavæðingunni er það sem þekkjum í dag sem vímefnavandann. Í raun er sláandi að sjá þær breytingar sem hafa orðið og þá jafnvel bara á seinustu 20 - 30 árum. Gott dæmi er Indland sem komið var inn á í fyrri kafla. Þar er um að ræða menningu sem hefur langa sögu um notkun vímuefna sem í dag eru ólögleg. Á nítjándu öld var landið meðal annars stærsti ópíumræktandi í heimi en þrátt fyrir það eru engar heimildir um ofneyslu eða samfélagsleg vandamál tengd efninu. Vegna þrýstings frá alþjóðasamfélaginu voru innleiddar harðar refsingar við ræktun, vörslu og neyslu ólöglegra efna árið 1985 (Escotado, 1999). Í kjölfarið kom heróínfaraldur og voru heróínfíklar taldir vera um ein milljón þremur árum seinna og þá aðallega ungt fólk. Til samanburðar fannst ekki eitt tilfelli heróínfíknar árið 1981. Svipaðir hlutir hafa gerst í öðrum löndum eins og Malasíu og Tælandi, sem eru í dag með hörðustu vímefnalög í heimi en fjöldi fíkla og samfélagsleg vandmál þar virðist bara aukast í kjölfar harðari lagasetningar (Escotado, 1999). Þá eru ótalin þau vandamál sem skipulögð glæpastarfsemi hefur í för með sér en oft er sagt að bann við vímuefnum sé það eina sem glæpahópar og lögreglan sé sammála um. Þar er um að ræða efnhagslega hagsmuni á báða bóga og þarft er að rannsaka slíkt heildrænt og án siðferðilegra gilda. Vettvangurinn er því til staðar og vonandi að mannfræðingar 21. aldarinnar eigi eftir að ráðast í að greina betur áhrif lagasetninga og beitingu valds í tengslum við vímuefni.

9 Lokaorð

Hér hef ég reynt að varpa ljósi á stöðu vímuefna rannsókna innan mannfræðinnar, í kjölfarið hef ég farið inn á þætti sem þar skipta máli með módel Hunt og Barker sem fyrimynd. Hafa skal í huga að hér er um að ræða mjög vítt svið og því engin leið að ná utan um það allt í einni ritgerð. Þannig hef ég vísvitandi sleppt því að fara náð inn á lyfseðilskyld lyf eða svokölluð gerviefni þótt að þau séu stór hluti af neyslumeningu vesturlanda. Ástæðan fyrir því er að ég vildi frekar skoða náttúrleg vímuefni þar sem í sögulegu sem og menningarlegu samhengi er merkilegt að rýna í hvernig umhverfi þeirra hefur breyst á skömmum tíma með aukinni neyslu á vesturlöndum og þeim lagasetningum sem fylgdu í kjölfarið. Þarft er hinsvegar að skoða betur gerviefni þar sem öfugt við flesta aðra vímugjafa er um að ræða hlut sem uppruninn er á vesturlöndum enn hefur síðan færst yfir í aðra menningarheima. Einnig er aðeins lítilega komið inn áfengi enn þar hafa mannfræðingar þó unnið gott starf og má þar sérstaklega nefna Dwight B. Heath sem var einn af þeim fyrstu til að benda á tengsl ritúalískra þátta og neyslumynsturs (Ember og Ember, 2003). Merkilegt er einnig að setja neyslu áfengis í menningarlegt samhengi líkt og Paul Spicer (2003) gerir í tilfelli indjána í Bandaríkjunum því þar koma fram margar samsvaranir við neyslu "framandi" efna í okkar menningarheimi.

Nálgun raunvísinda manna eins og Robert K. Siegel og David Nutt getur oft verið sláandi en mér fannst samt mikilvægt að koma inn á þá hlið. Bæði vegna þess hversu mikill munur er á milli hennar og orðræðu yfirvalda, en einnig vegna brottreksturs Nutt sem sýndi vel mikilvægi þess að skoða völd í tengslum við vímuefni. Þannig var hann ekki sakaður um að fara með rangt mál heldur að ganga gegn stefnu ríkistjórnarinnar sem er önnur leið til að segja að niðurstöður hans voru ekki þóknanlegar yfirvaldinu. Mér finnst líka nálgun þeirra styrkja þá skoðun mína að mannfræðin eigi að vera ráðandi fræðigrein í vímuefnamálum. Lee Strunin (2001) bendir á að etnógrafísk viðtöl og eigindlegar rannsóknir sýni fram á neyslumynstur sem myndi ekki koma fram með megindlegri nálgun. Þannig þótt að málflutningur Siegel og Nutt sé oft stórmerkilegur þá vantar sterkari tengingu við hið félagslega, tengingu sem mannfræðin ætti að vera fullfær um að veita. Orðræða samfélagsins og áhrif hennar er líka hlutur sem krefst frekari skoðunar, þannig virðist lítil breyting hafa verið á málflutningi

forvarnaraðila í gegnum árin þrátt fyrir að sýnilegur árangur sé ekki mikill. Spurningin er hvort sá málaflökkur þurfi ekki að fara í naflaskoðun í byrjun nýrrar aldar líkt og mannfræðin hefur gert, hræðsluáróðurinn hefur að minnsta kosti ekki virkað. Framtíðin ætti að vera fræðsla, byggð á réttum staðreyndum og sértækum dæmum ekki staðalmyndum og þjóðhverfu gagnvart síðum framandi menningarheima.

Einnig er þörf er á frekari rannsóknum á mikilvægi félagslegra formgerðar og myndun athafna. Mannfræðingar hafa staðið sig ágætlega við að setja vímuefni í samhengi með þeim menningarheimum sem hafa langa neyslusögu á þeim. En vöntun er á að skoða hvaða áhrif það hefur þegar þeir færast inn í nýtt samhengi og oft óvinveitt umhverfi eins og á vesturlöndum, spurningin er hvort þessi vöntun á formgerð leiði til þess taumleysis í neyslu þeirra sem áberandi er í dag. Það má líka ekki vanmeta mikilvægi valds þegar kemur að vímuefnamálum, oft hefur verið farið í herferðir gegn hópum í samfélaginu í skjóli lagasetninga. Einnig þarf að setja lagalega stöðu áfengis og niktótíns í samhengi með efnahagslegu mikilvægi þeirra. Út frá því er líka forvitilegt að skoða áhrif áfengisbannsins á seinustu öld í samhengi með þeim atburðum sem nú eiga sér stað í Mexíkó. Merril Singer (2001) telur að nútíma mannfræði sé í auknu mæli farin að snúa sér að hlutum sem fylli fréttatímuna. Vímuefni eru þrátt fyrir einsleita umræðu eitthvað sem ber þar á góma daglega og eru tilefni aukinna rökræðna í þjóðfélaginu. Að líta fram hjá þeim er ekki möguleiki heldur þarf að setja þau í heildrænt samhengi líkt og mannfræðin hefur gert með aðra hluti í samfélaginu. Aðeins þannig getum við gert okkur grein fyrir hver orsökina er fyrir auknum vandamálum tengdum þeim á seinustu áratugum.

10 Heimildaskrá

Appadurai, A. (1986). *The Social Life of Things: Commodities in Cultural Perspective*. Cambridge University Press.

Að hlusta á reggie og aðstoða við heimilisstörf: Unglingur jafnvel í neyslu, segir forvarnarfulltrúi: (Mars, 2011),

Sótt 24/03/2011 af slóðinni: <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/ad-hlusta-a-reggie-og-adstoda-vid-heimilisstorf-unglingur-jafnvel-i-neyslu-segir-forvarnarfulltrui>

Becker, H. (1963). *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. The Free Press: New York.

Booth, M. (2004). *Cannabis: A History*. Bantam Books, Great Britain.

Clark, P.A., (2000). The ethics of medical marijuana: Government restrictions vs medical necessity. *Journal of Public Health Policy*, 21 1, bls. 40–59.

Courtwright, D. T. (2007). The rise and fall and rise of Cocaine in the United States. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 215-237). Routledge: Taylor & Francis Group.

David Nutt's sacking provokes mass revolt against Alan Johnson: (Nóvember, 2009),

Sótt 24/02/2011 af slóðinni: <http://www.guardian.co.uk/politics/2009/nov/01/david-nutt-alan-johnstone-drugs>

Dietler, M. (2006). Alcohol: Anthropological/ Archaeological Perspectives. *Annu. Rev. Anthropol.* 35: bls. 229–49.

Europol: Fíkniefnaframleiðsla á Íslandi átti augljóslega að fara á Evrópumarkað: (Ágúst, 2009), *Sótt 24/02/2011 af slóðinni:*

<http://www.pressan.is/m/Article.aspx?catID=6&ArtId=8054&showDate=true>

Embler, C. R. og Embler, M. (2004). *Encyclopedia of Medical Anthropology: Health and Illness in the World's Cultures Topics*. Springer: USA

Escobedo, A. (1999). *A Brief History of Drugs: From the Stone Age to the Stoned Age*. Park Street Press, Rochester, Vermont.

Failed states and failed policies: How to stop the drug wars: (Mars, 2009), *Sótt 12/04/2011 af slóðinni:*

http://www.economist.com/node/13237193?story_id=13237193&source=hptextfeature

Goodman, J. (2007). Excitantia: Or, how Enlightenment Europe took to soft drugs. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 121-141). Routledge: Taylor & Francis Group.

Goodman, J. og Lovejoy P. E. (2007). Afterword. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 255-260). Routledge: Taylor & Francis Group.

Gernet, A. V. (2007). Nicotian Dreams. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 65-85). Routledge: Taylor & Francis Group.

Hunt, G. & Barker J. C. (2001). Socio-cultural anthropology and alcohol and drug research: : towards a unified theory. *Social Science & Medicine*, 53(2), bls. 165-188.

Hugh-Jones, S. (2007). Coca, Beer, Cigars and Yagé: Meals and anti-meals in an Amerindian community. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 46-64). Routledge: Taylor & Francis Group.

Ketama Gold puts Morocco top of Europe's cannabis league: (Maí, 2003), *Sótt 13/03/2011 af slóðinni*: <http://www.guardian.co.uk/world/2003/may/27/gilestremlett>

Koffín fyrir krakka?: (Mars, 2009),
Sótt 24/02/2011 af slóðinni:
http://www.mbl.is/frettir/taekni/2009/03/22/koffin_fyrir_krakka/

Klein, A. og Beckerleg, S. (2007). Building Castles of Spit: The role of khat in work, ritual and leisure. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 238-254). Routledge: Taylor & Francis Group.

Kristín Björnsdóttir. (2003). *Orðræðugreining. Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), bls. 237-248. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Levi-Strauss, C. (1983). *Structural Anthropology, Volume 2*. Basic Books.

Lovett, R. (2005). Coffee: The demon drink. *New Scientist* (2518)

Marshall, M., Ames, G., Bennett, L. (2001) Anthropological Perspectives on Alcohol and Drugs at the Turn of the new Millennium, *Social Science & Medicine*, 53(2): bls. 153-164.

Mauss, M. (2006). *Techniques, Technology and Civilisation*. Durkheim Press/Berghahn Books, New York: Oxford.

Mexico drug wars have killed 35,000 people in four years: (Janúar, 2011),
Sótt 25/04/2011 af slóðinni: <http://www.guardian.co.uk/world/2011/jan/13/mexico-drug-deaths-figures-calderon>

Mills, J. H. (2007). Globalizing Ganja. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 178-193). Routledge: Taylor & Francis Group.

Move over Red Bull! Bolivians launch fizzy energy drink made from coca leaves: (Janúar, 2011), *Sótt þann 12/04/2011 af slóðinni*: <http://www.dailymail.co.uk/news/article-1348949/Coca-drink-gives-Bolivia-new-energy-fight-overtake-UN-narcotics-ban.html>

Ný hættuleg eiturnautn: (Maí, 1938), *Sótt 24/03/2011 af slóðinni*:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=240014&pageId=3272864&lang=is&q=reefer

Rivera, M. A., Aufderheide, A. C., Cartmell, L. W., Torres, C. M., Langsjoen, O. (2005). Antiquity of coca-leaf chewing in the south central Andes: a 3,000 year archaeological record of coca-leaf chewing from northern Chile. *Journal of Psychoactive Drugs* 37 4, bls. 455-458.

Room, R., (1999). Intoxication and bad behaviour: Understanding cultural differences in the link. *Social Science & Medicine* 53 2, bls. 189–198.

Sherrat, A. (2007). Alcohol and it's alternatives. Í J. Goodman, P. E. Lovejoy og A. Sherrat (ritstjórar) *Consuming Habits: Global and Historical Perspectives on How Cultures Define Drugs* (bls. 11-45). Routledge: Taylor & Francis Group.

Siegel, R. K. (2005). *Intoxication: The Universal Drive for Mind-Altering Substances*. Park Street Press, Rochester, Vermont.

Singer, M., (1982). Toward a political economy of alcoholism: The missing link in the anthropology of drinking. *Social Science & Medicine* 23 2, bls. 113–130.

Singer, M., (2000). Towards a bio-cultural and political economic integration of alcohol. Tobacco and drug studies. *Social Science & Medicine* 53 2, bls. 199–213.

Spicer, P., (2000). Culture and restoration of self among former American Indian drinkers. *Social Science & medicine* 53 2, bls. 227–240.

Strunin, L., (2000). Assessing alcohol consumption: Development from qualitative research methods. *Social Science & Medicine* 53 2, bls. 215–226.

The Contradictions of Coca Eradication in Bolivia: (Febrúar, 2003), *Sótt 12/04/2011 af slóðinni:*

<http://www.narconews.com/Issue28/article625.html>

The Failure of Coca Eradication in Peru and Bolivia: (Nóvember, 2000), *Sótt 12/04/2011 af slóðinni:*

<http://colombiajournal.org/colombia38.htm>

